Innviðaráðuneytið
b/t skrifstofa samgangna
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Akureyri, 15. mars 2023

Umsögn um drög að reglugerð um leigubifreiðaakstur, mál nr. 60/2023

Góðan dag.

Við undirritaðir viljum veita umsögn um drög að reglugerð um leigubifreiðaakstur, sem nú er til umsagnar hjá Innviðaráðuneytinu.

Fulltrúar fyrir okkar hönd sóttu fund með innviðaráðherra og fulltrúum hans miðvikudaginn 22. febrúar sl. í Innviðaráðuneytinu. Þar komum við á framfæri ítarlegum athugasemdum og vonuðumst við til þess að tekið yrði meira tillit til þeirra athugasemda en drögin virðast nú gefa til kynna. Athygli okkar vekja þó sérstaklega þau tilvik þegar að mikilvægar greinar úr fráfarandi reglugerð nr. 397/2003 með áorðnum breytingum falli brott.

Við mótmælum því að 7. gr. rg. 397/2003 um lágmarksnýtingu atvinnuleyfis falli úr gildi og að ekki sé lengur gerð krafa um að starfið sé fullt starf með 40 klst. vinnuskyldu, sjá þó undanþáguskilyrði í III. kafla rg. 397/2003.

Við mótmælum því að í 4. mgr. 7. gr. sé sett skilyrði um rafrænt eftirlit með leigubifreiðum og rafræna skráningu ferða, án nokkurs einasta fyrirvara eða aðlögunartíma, sér í lagi þar sem stutt er í að reglugerðin taki gildi. Jafnframt er þetta skilyrði mjög fjárhagslega íþyngjandi fyrir litlar leigubílstöðvar, sjálfstæða rekstrarleyfishafa og leigubílstjóra með takmarkaða tækniþekkingu. Eðlilegast væri að ef ekki er hægt að fella þetta ákvæði úr gildi, að ofangreindir aðilar geti sótt um undanþágu frá þessu skilyrði, eða til þrautavara, sótt um aðlögunartíma og tímabundna undanþágu frá þessu skilyrði.

Í nýrri reglugerð er hvergi minnst á takmörkun á fjölda leyfa á tilteknum svæðum og stöðvarskyldu líkt og finna mátti í 4. gr. rg. 397/2003. Okkar krafa á fundinum með innviðaráðherra var að við myndum fylgja fordæmi norska yfirvalda um takmörkun á atvinnuleyfum í fámennari byggðum, og tók ráðherra ekki illa í það, og hvatti okkur til að setja þessa ábendingu í Samráðsgátt. Jafnframt teljum við það skýrt skilyrði að stöðvarskylda verði áfram við líði. Við förum fram á fyrir okkar leyti að Akureyri verði áfram takmörkunarsvæði og að hámarksfjöldi leyfa verði 22, og að lágmarksfjöldi bílstjóra á stöð séu 10, sbr. 23. gr. rg. 397/2003. Ef þessi starfsemi er ekki hugsuð sem fullt starf á ársgrundvelli þá er ekki mögulegt að hafa lífsviðurværi sitt af þessu og það getur bitnað á þjónustunni á þeim tímum sem minna er að gera. Við erum að þjónusta viðkvæma hópa meira og minna alla daga.

Þá vantar að okkar mati í nýju reglugerðardrögin ákvæði um hámarksaldur og heilsufarsskilyrði leigubílstjóra, líkt og var að finna í 8. gr. rg. 397/2003, með öryggi farþega að leiðarljósi. Einnig vantar að okkar mati í reglugerðina skilyrði um að rekstrarleyfishafar og atvinnuleyfishafar hafi íslenskukunnáttu í þágu öryggis almennings, en hluti Íslendinga hefur takmarkaða enskukunnáttu.

Í nýju reglugerðardrögin vantar að okkar mati jafnframt skilyrði um aðhald og skilyrði afleysinga á leigubílum eins og finna mátti víða í III. kafla rg. 397/2003, og að leigubílastöðvar og bílstjórafélög hafi ekki lengur neitt um málið að segja varðandi þá bílstjóra sem keyra undir þeirra merkjum. Við teljum að bílstjórafélögin eða a.m.k. leigubílastöðvar eigi að hafa áfram umsjón með útgáfu afleysingarleyfa til að hafa aðhald. Bílstjórafélag Akureyrar hefur séð um þessa vinnu síðan gagnagrunnurinn kom í gagnið og vill halda því áfram.

Við mótmælum ákvæði um eiginfjár- og sjóðsstöðu leigubílsstöðva sem sett er fram í 3. mgr. 5. gr. nýju reglugerðardraganna, á þeim forsendum að hún er íþyngjandi fyrir litlar leigubílastöðvar.

Hvað varðar 6. gr. nýju reglugerðardraganna, þá var 3. mgr. 2. gr. rg. 397/2003 um verðskrá mjög góð og sanngjörn, en þau skilyrði eru núna hert og gerð krafa um að verðskrá sé alltaf sýnileg. Ef gerð er krafa um að verðskrá sé fest varanlega á fleti bílsins getur slíkt haft veruleg áhrif á endursöluvirði leigubílsins. Að okkar mati er þessi breyting á greininni óframkvæmanleg, a.m.k. utandyra.

Okkur undirrituðum finnst sem svo að þessi nýju lög og þessi drög að reglugerð sé sniðin að helgar- og næturkeyrslu á Höfuðborgarsvæðinu, en þau lögmál sem þar gilda eru ekki endilega þau lögmál sem gilda á landsbyggðinni.

Fyrir hönd Bifreiðastöðvar Oddeyrar ehf.
Gylfi Ásmundsson, stjórnarformaður
Benedikt Smári Ólafsson, stjórnarmaður
Sveinbjörn Egilson, stjórnarmaður
Sigurjón Þórsson, framkvæmdastjóri

Fyrir hönd Bílstjórafélags Akureyrar
Gylfi Ásmundsson, formaður
Benedikt Smári Ólafsson, stjórnarmaður
Gunnlaugur Þorgeirsson, stjórnarmaður

Umsögn þessa sendir inn Sigurjón Þórsson framkvæmdastjóri Bifreiðastöðvar Oddeyrar ehf. f.h. Bifreiðastöðvar Oddeyrar ehf. og Bílstjórafélags Akureyrar.